

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 20. maí 1994.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Jón B. Jónasson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um prófgjöld ökumanna, gjöld fyrir ökuskírteini o.fl. nr. 634 30. desember 1991.

1. gr.

Við 2. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ekki skal taka gjald fyrir endurnýjun ökuskírteinis þess, sem náð hefur 70 ár aldri.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 52. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, öðlast gildi 1. júlí 1994.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 20. maí 1994.

Þorsteinn Pálsson.

Þorsteinn Geirsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á sameiningu Hafnar, Mýrahrepps og Nesjahrepps.

Með vísan til 112. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, sbr. einnig 2. tölulið 1. gr. laga nr. 75/1993, tilkynnir ráðuneytið að það hefur hinn 2. maí 1994 staðfest sameiningu Hafnar, Mýrahrepps og Nesjahrepps í eitt sveitarfélag.

Jafnframt hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Kosning sveitarstjórnar hins nýja sveitarfélags skal fara fram sama dag og reglulegar sveitarstjórnarkosningar, þ.e. laugardaginn 28. maí 1994, sbr. 13. gr. sveitarstjórnarlaga.

Kosningin skal vera bundin hlutfallskosning, sbr. 1. mgr. 15. gr. sveitarstjórnarlaga.